



FORNLEIFASKRÁNING VEGNA LAGNINGAR JARÐSTRENGS

SVÍNAVATNSHREPPUR, TORFALÆKJARHREPPUR OG
BÓLSTAÐAHLÍÐARHREPPUR



Byggðasafn
Skagfirðinga

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
2023/265

Höfundur: Ásta Hermannsdóttir. 2023/265

Mynd á forsíðu: Horft til suðurs yfir bæjarhól Sólheima í Svínnavatnshreppi.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2023. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

| | |
|-------------------------------------|----|
| INNGANGUR | 2 |
| TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR | 3 |
| AÐFERÐARFRÆÐI..... | 4 |
| SAMANTEKT | 5 |
| FORNLEIFASKRÁ..... | 9 |
| HEIMILDASKRÁ | 16 |


Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna lagningar jarðstrengs sem fyrirhugað er að leggja í gegnum 11 jarðir í Svínavatnshreppi, eina í Torfalækjarhreppi og eina í Bólstaðahlíðarhreppi að beiðni Rögnvaldar Guðmundssonar hjá RARIK. Guðmann Valdimarsson var tengiliður við fornleifadeildina vegna verkefnisins.

Fyrir lá fornleifaskráning á hluta framkvæmdasvæðisins en óskráð svæði voru gengin og fór vettvangsvinna fram 13. apríl 2023. Ylfa Leifsdóttir fornleifafræðinemi og Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur skráðu fornleifar á strengleiðinni. Ásta Hermannsdóttir sá um skýrslugerð.

Heimildamenn og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2821



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹ Fornleifar teljast samkvæmt 3. gr. laganna: „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...].“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætið fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“.

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin, í þessu tilfelli 15 m út frá jarðstrengnum til beggja handa, og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. híbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveisittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu vegna rasks í tengslum við lagningu jarðstrengs RARIK, en einnig aðra þekkta hættu ef svo ber undir, s.s. vegna náttúrulegra þátta eða landbúnaðar.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju. Þar sem svæðið hafði að hluta verið skráð á vettvangi árið 2022 og 2008 var stuðst við uppmælingar og skráningargögn þeirra skráninga þar sem við átti.

Samantekt

Strengleiðin liggur í gegnum 13 jarðir og höfðu áður farið fram tvær fornleifaskráningar á svæðinu (Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga 2008; Brenda Prehal 2022).

Árið 2022 skráði Byggðasafn Skagfirðinga strengleið fyrir RARIK á svæðinu (Brenda Prehal, 2022) og fær skráningin sem unnin var nú, vorið 2023, sama verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands og fyrri skráning, 2821. Hlaupandi númeraröð heldur einnig áfram frá fyrri skýrslu (byrjar hér á 15). Er þetta gert í ljósi þess að skráningin nú snerist í raun um viðbætur og/eða breytingar á þeirri strengleið sem skráð var í fyrra verkefni.

Svæðið sem skráð var er 30 m breitt belti og alls um 21 km langt. Svæðið er að tölverðu leyti meðfram númerandi vegi en önnur svæði eru landbúnaðarsvæði eða móar. Svæðið kemur næri sjö bæjarstæðum og af þeim fer það í gegnum gömul tún á tveimur bæjum (Sólheimum og Ásum). Í öðrum tilfellum kemur línan inn á tún og jafnvel að númerandi íbúðarhúsum, en í þeim tilfellum hafa bæjarstæði oft færst til, þ.e. númerandi íbúðarhús standa ekki á sama stað og gömlu bæirnir gerðu, og því eru minjar í gömlu túnunum í lítilli hættu. Tíu minjar voru skráðar innan skráningarsvæðisins, sjá töflu 1.

Á mynd 1 má sjá yfirlitskort yfir allar skráðar minjar í strengleiðinni. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir allar skráðar minjar, tegund, hlutverk, fjarlægð frá streng og hættumat. Loftmyndir eru fengnar hjá RARIK.

Hér verður strengleiðinni lýst á hverri jörð og gerð grein fyrir hvað áhrif hún er talin hafa á minjar. Tillaga er gerð að mótvægisadgerðum sé þess þörf en endanleg ákvörðun um mótvægisadgerðir er tekin af minjaverði Norðurlands vestra. Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. áðurnefnda 24. grein laga um menningarminjar, sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Ytri-Langamýri

Strengleiðin liggur í útjaðri gamla túnsins og engar vísbendingar eru um að þar séu minjar í hættu. Að öðru leyti liggur leiðin meðfram vegi. Einar minjar voru skráðar í landi Ytri-Löngumýrar og eru þær taldar í óverulegri hættu verði strengleiðinni fylgt við framkvæmdina.

Stóridalur

Strengleiðin kemur rétt inn á norðausturhorn lands Stóradals og upp með heimreið að húsi Sléttadals. Engar minjar fundust á þeirri leið.

Stekkjardalur

Strengleiðin liggur með vegi í gegnum land Stekkjardals og að félagsheimilinu Dalsmynni á suðvesturhluta jarðarinnar. Engar minjar fundust á þeirri leið.

Svínavatn

Strengleiðin byrjar um 100 m norðvestur af bæjarstæðinu og liggur að mestu með vegi inn í land Sólheima. Jörðin var öll skráð árið 2008 og var stuðst við þá skráningu nú. Engar minjar eru skráðar á strengleiðinni í landi Svínavatns en skammt utan við skráningarsvæðið, eða um 17 m suðvestur frá strengleiðinni, skömmu eftir að hún hefst vestan við bæjarstæðið, er garðlag (Svínavatn-11 í eldri skýrslu) sem vert er að hafa í huga ef leiðinni verður eithvað hnikað til.

Sólheimar

Strengleiðin liggur þvert í gegnum land Sólheima, að mestu með vegi en kemur þó inn á bæjarstæðið og fer þar í gegnum gamla túnið á Sólheimum og beint í gegnum bæjarhól og fjós. Hesthús-/fjárhústóft var einnig skráð í túni nokkuð norðvestan bæjarhólsins og fjóssins. Ekki er talið að þær minjar séu í hættu vegna framkvæmdarinnar ef strengleiðinni verður fylgt við framkvæmdina.

Tillögur að mótvægisafgerðum: lagt er til að færa strenginn þannig að hann fari upp með læknum austan við fjósið og sneiði þannig framhjá fjósinu og bæjarhólnum.

Litla-Búrfell

Strengleiðin kemur inn í land Litla-Búrfells með vegi frá Sólheimum, um 500 m leið, að túnenda norðan vegar. Engar minjar fundust á þeirri leið.

Stóra-Búrfell

Strengleiðin liggur næstum alla leið í gegnum land Stóra-Búrfells. Hún byrjar við veg stutt frá merkjum við Litla-Búrfell, liggur heim að bæ og þaðan VNV meðfram túnum í átt að landi Tinda. Næst bæjarstæði Stóra-Búrfells er strengleiðin utan gamla túnakortsins og því utan helsta hættusvæðis hvað minjar varðar. Einnig liggur lögn að Dunhóli í gegnum tún Stóra-Búrfells, yfir veg og meðfram heimreið Dunhóls að íbúðarhúsinu.

Tindar

Strengleiðin liggur frá merkjum við Stóra-Búrfell og að túnum á Tindum. Einnig er strengleið frá heimreið og suðvestur yfir veg, að Fremri-Laxá. Við heimreiðina rétt nuddast leiðin utan í jaðar gamla heimatúnsins á Tindum og engar vísbindingar um að minjar í túni séu í hættu.

Hamrakot (Torfalækjarhreppur)

Strengleiðin liggur frá Fremri-Laxá að nýlegu húsi í austurhorni landsins og með heimreið að því niður á veg. Í landi Hamrakots var skráð garðlag, líklega undirhléðsla undir girðingu, sem nær þvert yfir strengleiðina.

Tillögur að mótvægisadgerðum: Ekki er hægt að flytja strenginn innan áhrifasvæðisins því garðlagið/undirhléðslan liggur yfir allt svæðið.

Holtastaðir

Strengleiðin kemur frá Blöndu og inn í land Holtastaða, liggur svo um 700 m leið að mestu með vegi inn í land Hamars. Engar minjar fundust á þeirri leið.

Hamar

Strengleiðin liggur með veginum úr landi Holtastaða og að landi Ása. Hún kemur rétt í útjaðar gamla túnsins og ekki eru vísbindingar um að minjar séu þar í hættu.

Ásar

Strengleiðin liggur með vegi úr landi Hamars og að bæjarstæði Ása. Þar fer leiðin í gegnum tún Ása, sem er minjaríkt og nokkuð ósnert heild. Þaðan liggur strengleiðin skáhallt niður brekku til norðausturs og að Blöndu. Skráðar voru fimm minjar í landi Ása og eru fjórar þeirra metnar í hættu eða mikilli hættu.

Tillögur að mótvægisaðgerðum: Lagt er til að strengleiðin verði færð rétt suður fyrir götuna [2821-24].

Gunnsteinsstaðir og Hólabær (Bólstaðahlíðarhreppur)

Strengleiðin kemur yfir Blöndu, liggur rétt vestan við veiðihúsið og upp að þjóðvegi.

Tafla 1. Minjar sem skráðar voru á vettvangi.

| Númer | Jörð | Hlutverk | Tegund | Ástand | Fjarlægð frá streng | Hættumat |
|---------|-----------------|------------------|---------|----------------|---------------------|-------------|
| 2821-15 | Ytri-Langidalur | Óþekkt | Þúst | Illgreinanleg | 7 m | Hætta |
| 2821-16 | Sólheimar | Fjós | Tóft | Greinanleg | Í línu | Mikil hætta |
| 2821-17 | Sólheimar | Bæjarhóll | Hóll | Sést ekki | Í línu | Mikil hætta |
| 2821-18 | Sólheimar | Hesthús, fjárhús | Tóft | Vel greinanleg | 12 m | Engin hætta |
| 2821-19 | Hamrakot | Óþekkt | Garðlag | Greinanleg | Í línu | Mikil hætta |
| 2821-20 | Ásar | Útihús | Tóft | Vel greinanleg | 6,5 m | Hætta |
| 2821-21 | Ásar | Fjárhús | Tóft | Vel greinanleg | 13 m | Engin hætta |
| 2821-22 | Ásar | Túngarður | Garðlag | Greinanleg | Í línu | Mikil hætta |
| 2821-23 | Ásar | Óþekkt | Tóft | Illgreinanleg | 5 m | Hætta |
| 2821-24 | Ásar | Leið | Gata | Greinanleg | Í línu | Mikil hætta |


Hættumat

Innan skráningarsvæðisins eru fimm minjar metnar í mikilli hættu, þrjár í hættu og tvær í engri hættu. Minjar sem metnar eru í mikilli hættu eru allar í miðlinu lagnar: fjós [2821-16], bæjarhóll [2821-17], garðlag [2821-19], túngarður [2821-22] og gata [2821-24]. Minjar í hættu eru um eða rétt utan 5 m frá strengleiðinni: þúst [2821-15], tóft [2821-20] og tóft [2821-23]. Sú hætta er þó óveruleg ef strengleiðinni er fylgt við plægingu strengsins og aðgát er höfð í námunda við minjar. Minjar metnar í engri hættu eru nær ytri mörkun skráningarsvæðisins: hesthús/fjárhús [2821-18] og fjárhús [2821-21]. Hafa skal í huga að hættumat getur breyst ef strengleiðin er færð til.

Niðurlag

Tú minjar voru skráðar á vettvangi og þar af eru fimm minjar metnar í mikilli hættu, þrjár í hættu og tvær í engri hættu vegna strenglagnarinnar. Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Fornleifaskrá



Mynd 1. Yfirlitskort af skráningarsvæði. Strengleiðin sem skráð var er merkt með grænni línu. Hvítir punktar eru skráðar minjar á strengleið. Kortagerð: Bryndís Zoëga, lofmynd frá RARIK.

Ytri-Langamýri

Einar minjar voru skráðar í landi Ytri-Löngumýrar.

Ytri-Langamýri 2821-15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Þúst er skammt NA við veg, um 400 m NV af bæjarstæðin Ytri-Löngumýrar.

Lýsing

Þústin er mjög ógreinileg og komin í þúfur. Mikil ummerki eru um hrossabœit. Op virðist á þústinni til norðausturs og virðist hún snúa NV-SA. Ferkantaður flati fyrir miðju í þústinni. Ekki sést grjót í veggjum og breidd þeirra er mest um 1,5 m.



Mynd 2. Þúst [2821-15], horft til vesturs. Skrásetjari stendur á vesturhorni þústarinnar.

Sólheimar

Þrjár minjar voru skráðar í landi Sólheima, allar í heimatúni.



Mynd 3. Skráðar minjar í heimatúni Sólheima. Græn lína sýnir strengleið. Hvítir punktar sýna minjar. Kortagerð: Bryndís Zoëga, loftmynd frá RARIK.

Sólheimar 2821-16

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Fjósið er við suðausturenda bæjarhólsins, í smá brekku sem liggur niður að bæjarlæknum. Bæjarlækurinn rann áður norðvestar, í gegnum fjósið. Lækurinn var færður austur við horn bæjarhólsins og liggur nú alveg austan við gamla bæjarstæðið.



Mynd 4. Fjós [2821-16], horft til norðurs. Krani á rotþró fremst á myndinni.

Lýsing

Tóftin er einföld, snýr NV-SA og með op til SA. Breidd veggja er mest um 1 m og hæð um 60 cm. Utanmál tóftarinnar er um 6x8 m. Ekki sést í grjót í veggjum en veggir voru grjóthlaðnir skv. Þorleifi Ingvarssyni og finnst fyrir því undir gróðrinum. Nú er rotþró rétt sunnan við tóftina.

Sólheimar 2821-17

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Bæjarhóllinn er skammt sunnan við gamla íbúðarhúsið, SA við fjós og hlöðu. Íbúðarhúsið, fjósið og hlaðan voru öll reist um 1950. Þá var gamla bænum með öllu ýtt út, líklega til SV og SA, í það minnsta endaði hestasteinn sem var framan við bæinn ofan í bæjarlæknum, en hefur nú verið sóttur.



Mynd 5. Efsti hluti bæjarhólsins [2821-17]. Horft til norðurs.

Lýsing

Bæjarhóllinn er í dag vart greinanlegur nema til SV – en þar var líklega öskuhaugurinn. Höllinn er um 33x27 m að utanmáli. Dæld er á svæðinu sem er nokkuð innan marka þess svæðis sem mælt var upp. Nú er svæðið annars slétt og hallar svo niður að bæjarlæknum og túnumnum suðvesturaf. Klóaklögn liggur austan í bæjarhólnum. Bærinn var reistur um 1865 og þótti mjög stór.

Sólheimar 2821-18

Hlutverk: Hesthús, fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Tóft, sem merkt er inn á túnakort, er í túni um 75 m NNA við núverandi fjárhús.

Lýsing

Tóftin er grasi gróin en grjót er í henni þótt hún sé mjög signin. Svæðið hefur ekki verið sléttan alveg og er ekki slegið vegna grjótsins skv.



Mynd 6. Hesthús/fjárhús [2821-18]. Núverandi fjárhús í baksýn. Horft til SV.

Þorleifi Ingvarssyni. Um er að ræða hús sem var notað sem

hesthús og áður fjárhús. Tóftin er þriggja hólfa, um 6x10 m að utanmáli. Tvö hólf snúa NA-SV með op til SV. Aftan/norðaustan við þau er hlaða. Veggir eru mest um 1,8 m breiðir og um 40 cm háir.

Hamrakot

Einar minjar voru skráðar í landi Hamrakots.

Hamrakot 2821-19

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Garðlag er um 100 m NA frá bústað við jarðamörk Hamrakots og Orrastaða.

Lýsing

Lágt garðlag, mögulega undirhléðsla undir girðingu sem er farin. Vestan við garðlagið er niðurgröftur, mögulega efnistaka fyrir garðinn. Garðlagið er mest um




Mynd 7. Garðlag [2821-19]. Horft til vesturs.

1 m á breidd en að jafnaði um 40-60 cm. Hæð þess er mest um 40 cm. Algróið, mjög samлагаð umhverfinu og ekki sést í grjót í því.

Ásar

Fimm minjar voru skráðar í landi Ása, bæði innan heimatúns og utan þess.



Mynd 8. Skráðar minjar í landi Ása. Græn lina sýnir strengleið. Hvítir punktar sýna minjar. Kortagerð: Bryndis Zoëga, loftmynd frá RARIK.

Ásar 2821-20

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Um 13 m VSV af skemmu á bæjarstæði Ása er lítil tóft.

Lýsing

Lítil tóft, líklega merkt inn á túnakort þótt staðsetningarnar falli ekki nákvæmlega saman. Tóftin snýr NA-SV og er með op til NA. Utanmál tóftarinnar er um 2x4 m. Breidd veggja er mest um 1 m og hæð um 50 cm. Grjót er í veggjum en tóftin er að öðru leyti vel gróin grasi.



Mynd 9. Tóft [2821-20]. Horft til SV.

Ásar 2821-21

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Fjárhústóft, sem merkt er inn á túnakort, stendur á brekkubrún sunnan við bæjarlækinn, um 75 m ANA af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Tóftin er sinugróin, liggar SV-NA og er með op til SV. Utanmál tóftarinnar er um 7,5x8 m og garði er í miðju hennar. Breidd veggja er mest um 1,8 m og hæð þeirra um 1 m. Sést í grjót í veggjum.



Mynd 10. Fjárhús [2821-21]. Horft til NA.

Ásar 2821-22

Hlutverk: Túngeður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Við suðausturhluta gamla túnsins á Ásum er túngeður.

Lýsing

Túngeðurinn er nokkuð greinilegur á þessum kafla þótt hann sé siginn og sinugróinn. Breidd garðsins er mest um 1 m og hæð um 60 cm. Sést í grjót í hleðslu hér og hvar.



Mynd 11. Túngeður [2921-22] fyrir miðri mynd. Horft til SV.

Ásar 2821-23

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Skammt norðan við leið [2821-24], u.p.b. í miðri hlíðinni er tóft.

Lýsing

Tóft, hugsanlega stekkur, mjög ógreinileg vegna þýfis. Mjög vel gróin grasi, mosa og kjarri og erfitt að meta veggjabreidd. Tóftin er 2-3 hólfra en engin op eru greinileg á milli hólfra. Utanmál tóftarinnar er um 9,5x7 m. Veggjahæð er um 30-80 cm.



Mynd 12. Tóft [2821-23]. Horft til vesturs. Gata [2821-24] í baksýn.

Ásar 2821-24

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Gatan liggar niður hlíðina frá bæjarstæði Ása og niður á sléttuna við Blöndu. Gatan er tvískipt við austurhorn túnsins, þ.e. kemur bæði niður með túngarðinum sunnanverðum og út úr túninu sjálfu við austurhornið, en sameinast fljótlega og liggar niður hlíðina til austurs.



Mynd 13. Gata [2821-24]. Horft til austurs, niður hlíðina í átt að Blöndu.

Lýsing

Gata, mögulega engjavegur, um 0,3-1,3 m á breidd, að jafnaði ca. 0,8 m. Mjög greinileg á köflum en svo ógreinilegri inn á milli. Önnur gata grenist frá þessari um 150 m austur fá austurhorni túngarðsins. Sú gata gengur áfram út hlíðina til suðausturs á meðan þessi fer niður brekkuna til austurs og niður á flatann við Blöndu.

Heimildaskrá

Brenda Prehal. 2022. *Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs í Svínadal og Langadal.* Rannsóknaskýrslur 2022/259. Glaumbær: Byggðasafn Skagfirðinga.

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. 2008. *Fornleifaskráning Húnnavatnshrepps I. Svínavatn – Hólabak – Uppsalir – Öxl.* Rannsóknaskýrslur 2008/81. Glaumbær: Byggðasafn Skagfirðinga.

Óutgefnar heimildir

Túnakort (Ytri-Langamýri, Sólheimar, Stóra Búrfell, Tindar, Hamrar, Ásar). Sótt af <http://testbirting.manntal.is/>

Heimildamenn

Oddný María Gunnarsdóttir, 10.03.2023

Þorleifur Ingvarsson, 13.04.2023

Helgi Haukdal Jónsson, 13.04.2023

Ingibjörn Eðvarð Sigurjónsson, 13.04.2023

Unnar Ingvarsson, 19.04.2023

Fylgiskjal

| Jörð | minj_id | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur frá | Aldur til | Ástand | Hættumat | x | y |
|----------------|---------|----------|------------------|---------|-----------|-----------|----------------|-------------|------------|------------|
| Ytri-Langamýri | 2821-15 | | óþekkt | þúst | 900 | 1900 | illgreinanleg | hætta | 458601,015 | 555758,871 |
| Sólheimar | 2821-16 | | fjós | tóft | 900 | 1950 | greinanleg | mikil hætta | 453658,606 | 560025,495 |
| Sólheimar | 2821-17 | | bæjarhóll | hóll | 900 | 1950 | sést ekki | mikil hætta | 453637,348 | 560043,517 |
| Sólheimar | 2821-18 | | hesthús, fjárhús | tóft | 900 | 1900 | vel greinanleg | engin hætta | 453523,409 | 560210,749 |
| Hamrakot | 2821-19 | | óþekkt | garðlag | 900 | 1900 | greinanleg | mikil hætta | 448092,854 | 563340,231 |
| Ásar | 2821-20 | | útihús | tóft | 900 | 1950 | vel greinanleg | hætta | 453920,758 | 562561,142 |
| Ásar | 2821-21 | | fjárhús | tóft | 900 | 1950 | vel greinanleg | engin hætta | 454033,624 | 562609,542 |
| Ásar | 2821-22 | | túngegarður | garðlag | 900 | 1900 | greinanleg | mikil hætta | 454170,108 | 562653,419 |
| Ásar | 2821-23 | | óþekkt | tóft | 900 | 1900 | illgreinanleg | engin hætta | 454437,851 | 562687,567 |
| Ásar | 2821-24 | | leið | gata | 900 | 1900 | greinanleg | mikil hætta | 454652,37 | 562706,803 |